

4. nóvember 2004

Félagsmála- og jafnréttisnefnd Reykhólahrepps

---

Ár 2004 þann 4. nóvember kom félagsmála- og jafnréttisnefnd saman til fundar kl. 16:30. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Fyrst voru rædd tvö mál er snerta einstaklinga og voru þau færð í sérstaka trúnaðarmálabók. Síðan voru eftirfarandi mál tekin fyrir:

- 1) Félagsráðgjöf í Reykhólahreppi, samningur við Áspór Ragnarsson í Borgarnesi og Elmar Þórðarson á Akranesi (lagður fram til kynningar). Vel er séð fyrir þessari ráðgjöf með þessum samningi.
- 2) Samning reglna um liðveislu í Reykhólahreppi. Samin voru drög að reglum um liðveislu sem lögð verða fyrir hreppsnefnd.
- 3) Samning reglna um félagslega heimaþjónustu í Reykhólahreppi. Samin voru drög að reglum um félagslega heimaþjónustu í Reykhólahreppi sem lögð verða fyrir hreppsnefnd.
- 4) Samning reglna um fjárhagsaðstoð í Reykhólahreppi. Samin voru drög að reglum um fjárhagsaðstoð í Reykhólahreppi sem lögð verða fyrir hreppsnefnd.

Sveitarstjóra falið að útbúa viðeigandi eyðublöð.

- 5) Rætt um opnunartíma Grettislaugar. Indíana lagði til að laugin yrði opin 5-9 á kvöldin en ekki 5-8 eins og undanfarið. Vísað til hreppsnefndar.

Fundi slitið kl. 19:50.

Björk Bárðardóttir (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Indíana Ólafsdóttir (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)